



Ársskýrsla landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum 2007

Efnisyfirlit

1.0 Framkvæmd	1
2.0 Stjórnarnefnd	2
3.0 Samningar um landsaðgang	3
4.0 Þjónusta	5
5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla	6
6.0 Notkun	7

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland.

Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift fyrir allt landið gilda um.

Á hvar.is, vef landsaðgangsins eru veittar upplýsingar um gögnin, listar yfir tímarit í aðgangi og samsteypuleit. Auk þess eru upplýsingar um gagnasöfn í opnum aðgangi.

1.0 FRAMKVÆMD

Menntamálaráðuneyti gerði í desember 2006 þjónustusamning við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn um framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Hann kemur í stað eldri samnings um sama efni sem hafði gilt í fjögur ár.

Á fjárlögum ársins 2007 var úthlutað 35 milljónum króna. Það fé rennur til rekstrar landsaðgangsins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja, samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Heildarkostnaður við landsaðgang á árinu 2007 var 120,5 milljónir, þar af rúm 8% í rekstur en áskriftir kostuðu 110,5 milljónir.

Umsjónarmaður landsaðgangs vann meðal annars við umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum <http://hvar.is> og ýmis önnur störf sem tengjast landssamningum. Fjórir aðrir starfsmenn safnsins unnu meðal annars að samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu og fjárumsýslu. Þessi störf samsvara tveimur ársverkum í safninu.

2.0 STJÓRNARNEFND

Samkvæmt nýjum þjónustusamningi hefur landsbókavörður fimm manna stjórnarnefnd sér til ráðgjafar. Hlutverk stjórnarnefndar er að:

- a) Taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í landsaðgangi.
- b) Ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hvarrar stofnunar.
- c) Gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár.
- d) Taka þátt í og/eða fylgist með samningagerð við birgja.

Fulltrúar í stjórnarnefndina voru tilnefndir til þriggja ára á ársfundi landsaðgangs sem var haldinn 14. mars. Hún hittist í fyrsta skipti 4. maí og hélt 7 fundi á árinu. Nefndin hittist mánaðarlega nema í júlí. Stjórnarnefnd er skipuð Önnu Torfadóttur, Guðrínu Pálsdóttur, Guðrínu Tryggvadóttur, Sigurði Hafsteinssyni og Sólveigu Þorsteinsdóttur. Í september tók Pálína Héðinsdóttir sæti Guðrúnar Pálsdóttur, sem þá tók sæti varamanns. Aðrir varamenn eru Andrea Jóhannsdóttir, Anna S. Guðnadóttir og Sigrún Guðnadóttir. Nefndin fékk erindisbréf þann 8. júní.

Innkaupanefnd starfaði eftir eldri þjónustusamningi til ársfundar 2007 og var kvödd á lokafundi 13. mars. Í þeirri nefnd sátu: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásdís Hafstað, Bryndís Ísaksdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Guðrún Pálsdóttir og Margrét Gísladóttir.

3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Samningar um landsaðgang á árinu 2007 voru:

Gagnasöfn:

- ➔ [Britannica Online](#)
- ➔ [Grove Art](#)
- ➔ [Grove Music](#)
- ➔ [Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingartöf](#)
- ➔ [Web of Science](#)

Britannica og Grove-söfnin eru söfn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum. Web of Science er tilvísanasafn, sýnir útdrátt og bókfræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum.

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í desember 2007:

- ➔ [Ebsco Host](#)
 - ➔ [Academic Search Premier](#) (8.146 titlar)
 - ➔ [Business Source Premier](#) (3.221 titlar)
 - ➔ [MasterFile Premier](#) (2.446 titlar)
 - ➔ [Regional Business News](#) (133 titlar)
- ➔ [ProQuest 5000 International](#) (um 5.000 titlar)

Ebsco og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman þessum aðgangsréttindum í stóra pakka. Aðgangur að um 10% titlanna er með birtingartöf þar sem ekki er hægt að skoða nýjustu greinar hverju sinni. Birtingartöfin er frá einum mánuði upp í eitt ár.

Tímaritasöfn eru frá einstökum útgefendum. Innan sviga er fjöldi titla í desember 2007:

- ➔ [Blackwell Synergy](#) (777 titlar)
- ➔ [Elsevier ScienceDirect](#) (1.780 titlar)
- ➔ [Karger Online](#) (80 titlar)
- ➔ [Sage Premier](#) (453 titlar)
- ➔ [SpringerLink](#) (1.267 titlar)

Aðgangur að ritum þessara útgefenda nær til nærri allra rita sem þau gefa út sjálf og til margra rita frá öðrum útgefendum sem þau hafa tekið með í aðgangspakka. Aðgangur er að því efni sem hefur verið gefið út stafrænt frá upphafi, 1995 hjá Elsevier, 1997 hjá Blackwell, Karger og Springer og frá 1999 hjá Sage. Gerð var tilraun til að fjármagna aðgang að eldra efni frá Elsevier á árinu en tókst ekki.

Kostnaður við áskriftir var 110,5 milljónir á árinu. Sú upphæð var greidd af yfir 200 aðilum sem koma fram á *hvar.is*. Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og rannsóknabókasöfn í landinu. Þau greiða dýrasta hlutann sem eru tímaritasöfn frá útgefendum, aðgang að Web of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn og samtök á vinnumarkaði greiða hluta aðgangs að samsöfnum, aðgang að Britannica, Grove-söfnum og greinasafni Morgunblaðs með háskólabókasöfnum. Nokkur einkafyrirtæki taka einnig þátt í greiðslum.

Talsverð skörun er á titlum í Ebsco Host, ProQuest og öðrum söfnum, þannig að í landsaðgangi voru um 14.000 tímarit í fullum texta í lok ársins. Verð á Ebsco og ProQuest miðast við þessa skörun.

Kostuð gagna- og greinasöfn

Fyrir utan hinn eiginlega landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau.

Kostuð gagna- og greinasöfn:	Aðilar sem kosta aðganginn:
➔ ASCE tímarit	Verkfræðideild HÍ, Íslenskir aðalverktakar, Ístak, Landsvirkjun, Línuhönnun, Orkuveita Reykjavíkur, VSÓ ráðgjöf, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen.
➔ ASME tímarit	
➔ EiVillage með Compendex	Verkfræðideild HÍ.
➔ OVID	Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, HA og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Opinn aðgangur

Á vef landsaðgangsins eru krækjur á mörg íslensk og erlend gagnasöfn sem eru í ókeypis eða opnum aðgangi.

Staða samninga

Samningur um ProQuest gildir til loka árs 2008. Samningar við Britannica og Morgunblað framlengjast um ár í senn. Samningar við Blackwell, Elsevier, Karger, Oxford University Press (vegna Grove Art og Grove Music) Springer og Thomson (vegna Web of Science) gilda 2007 til 2009. Samningar voru teknir upp við Sage og Ebsco í janúar 2007 og gilda til loka árs 2009.

4.0 ÞJÓNUSTA

Til að auðvelda utanumhald og aðgengi notenda hafa verið í notkun tímaritalistar og samleit (*meta-search engine*) frá fyrirtækinu TDNet. Hægt er að leita að tímaritum eftir titlum þeirra eða eftir efni þeirra.

Landskerfi bókasafna sér um upplýsingakerfið SFX á Íslandi. SFX er krækjukerfi (*link solver*) sem býr til krækju á efni í rafrænum aðgangi. Ef notandi hefur ekki aðgang að efninu fylgja upplýsingar um hvernig er hægt að nálgast efnið. SFX má einnig nota sem tímaritalista og til að setja fram leitarniðurstöður, til dæmis í samleitarkerfi. Hægt er að leita að tímaritum bæði eftir titlum þeirra og efni þeirra. Umsjónarmaður landsaðgangs tók þátt í vinnu verkefnahóps um notkun SFX á Íslandi og hefur þar fyrst og fremst tekið saman upplýsingar um aðgang að tímaritum í landsaðgangi og unnið úr þeim aðgangslista sem eru notaðir í SFX-upplýsingum fyrir allt landið. Verkefnisstjórn SFX bauð til kynningarfundar um verkefnið í HR 13. nóvember þar sem meðal annars stjórnarnefnd landsaðgangs var boðið að hlýða á og spyrja spurninga.

Umsjónarmaður hefur aðstoðað starfsfólk bókasafna og stofnana sem hyggur á rafrænar áskriftir utan landsaðgangsins, þar sem því verður komið við. Unnið var að fyrirhuguðum aðgangi almenningsbókasafna að NetLibrary á árinu og með Rannís að fyrirhuguðum aðgangi þeirra að National Science Report og skyldu efni.

Vefurinn hvar.is er aðalþjónustuleið landsaðgangsins og þar er aðgangur að gögnunum. Á vefnum eru veittar upplýsingar um verkefnið, um það efni sem keypt er, um gagnasöfn í opnum aðgangi, heimildaskráningu og önnur mál sem tengjast rafrænum áskriftum. Þar eru upplýsingar um samninga við útgefendur og um notkun á gögnunum, auk fréttu af málum á þessum vettvangi.

5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA

- Kynning var haldin fyrir starfsfólk Landsvirkjunar á hádegisfundi 6. febrúar.
- Umsjónarmaður skrifaði grein í *UT-bladið* sem kom út í mars.
- Umsjónarmaður landsaðgangs hélt almenna kynningu á Grove-söfnum í Þjóðarbókhöllu 22. og 24. mars.
- Umsjónarmaður kynnti aðganginn á hádegisfundi hjá Verkfræðingafélagi Íslands og Tæknifræðingafélagi Íslands 27. mars.
- Viðtal við umsjónarmann var flutt í *Speglinum* á Rás 1 um álitamál með Wikipediu og um gagnasöfn í landsáskrift 20. ágúst. Viðtöl við umsjónarmann og greinar um landsaðganginn birtust í *Blaðinu*, *Fréttablaðinu* og *Viðskiptablaðinu* 24.-28. ágúst.
- Umsjónarmaður kynnti aðganginn í Icebank 31. ágúst.
- Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 3.620 bæklingum árið 2007, samanborið við 6.300 bæklinga árið 2006.
- Á árinu var unnið að breytingum og viðbótum á vef landsaðgangs, <http://hvar.is>.
- Umsjónarmaður hélt fyrirlestur um landsaðganginn í námskeiðinu *Vinnulagi í bókasafns- og upplýsingafræði* 14. september.

Póstlistinn Skrudda um bókasafna- og upplýsingamál sem er opinn öllum er vilja taka þátt, og vefsetrið hvar.is eru skilgreindar upplýsingaleiðir fyrir landsaðganginn. Yfir 530 áskrifendur voru að Skruddu árið 2007 og má ætla að nær allir sem starfa á þessu sviði í landinu fylgist með skrifum þar. Fréttir af öllum nýjungum birtast reglulega á Skruddu og á vefsetrinu hvar.is.

Þann 15. október hélt *Upplýsing : félag bókasafns- og upplýsingafræða* málþing um landsaðganginn sem nefnt var *Aðgengi fyrir alla. Fortíð metin - framtíð rædd*. Þá voru liðin 10 ár frá því að *Félag bókavarda í rannsóknabókasöfnum* hélt fund um rafræn gagnasöfn þann 11. september 1997. Málþingið var sótt af yfir 100 manns. Menntamálaráðherra, erlendir og innlendir gestir höfðu framsögu um ólíkar hliðar landsaðgangsins. Efni frá málþinginu er á <http://bokis.is/Default.asp?Page=337>.

Umsjónarmaður átti fundi með útgefendum og öðrum birgjum á kaupstefnunni *Online Information* sem haldin var í London 4.-6. desember.

Fulltrúar frá útgefendum komu til landsins:

- Fulltrúar frá Ebsco komu til landsins 5.-8. mars og héldu kynningar í KHÍ og Þjóðarbókhöllu.
- Fulltrúar frá Elsevier komu til landsins 2.-4. maí. Þau kynntu ScienceDirect og Scopus og þjálfuðu fólk í notkun þeirra í Þjóðarbókhöllunni.
- Fulltrúi frá Springer var hérlendis 7.-8. nóvember, kynnti SpringerLink og önnur gagnasöfn á vegum Springer.

6.0 NOTKUN

Tölur um notkun koma frá útgefendum og gagnasölum. Þeir notast við COUNTER-staðal. Sú breyta sem helst er stuðst við eru greinar sóttar í fullri lengd. Hún gefur til kynna árangur í gagnasöfnum með greinar. Web of Science er tilvísanasafn, geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan texta greinanna, heldur vísar í hann. Þar eru taldar leitir sem notendur gera í grunninum.

Notkun safna með greinum í fullri lengd

<i>Gagnasöfn, greinar sóttar í fullri lengd</i>	2007	2006	Breyting
Britannica	73.555	95.977	(23,4%)
Greinasafn Mbl, greinar eldri en 3ja ára	58.000 ¹⁾	51.655	12,3%
Grove Art	14.480	14.998	(3,5%)
Grove Music	27.562	28.285	(2,6%)
Samtals greinar sóttar í fullri lengd	173.597	190.915	(9,1%)

1) Tölur sem Morgunblaðið sendi um notkun voru aðeins fyrir tímabilið janúar til apríl 2007. Í maí var breytt stillingum þar með þeim ófyrirséðu afleiðingum að talning eftir það misfórst. Talan um notkun 2007 er framreiknuð miðuð við notkun áranna áður. Talan er rúnnuð af til að undirstrika að um reiknaða tölu er að ræða.

Notkun á Britannica jókst mikið árin 2005 og 2006 en dalaði nokkuð á þessu ári. Notkun á Grove-söfnum dalar eilítið eftir örlitla aukningu á síðasta ári.

<i>Samsöfn, greinar sóttar í fullri lengd</i>	2007	2006	Breyting
Ebsco Host-söfn	49.361		
ProQuest 5000	324.230	340.030	(4,6%)
Samtals greinar sóttar í fullri lengd	373.591	340.030	9,9%

Notkun á ProQuest dalar eilítið og má leiða að því líkum að nokkuð af notkuninni hafi færst yfir á Ebsco Host-söfnin *Academic Search Premier*, *Business Source Premier*, *MasterFile Premier* og *Regional Business News* sem bættust við landsaðgang í janúar 2007. Notkun á ProQuest jókst mikið árið 2006 miðað við árin þar á undan.

<i>Tímaritasöfn, greinar sóttar í fullri lengd</i>	2007	2006	Breyting
Blackwell Synergy	93.770	68.000 ¹⁾	37,9%
Elsevier ScienceDirect ²⁾	207.593	182.769	13,6%
Karger Online	4.769	5.624	(15,2%)
Sage Premier	31.191		
SpringerLink	24.360	18.405	32,4%
Samtals greinar sóttar í fullri lengd	361.683	274.798	31,6%

1) Tölur sem bárust frá Blackwell um notkun á árinu 2006 voru augljóslega rangar. Talan var því áætluð í júní 2007 miðað við notkun á undan og á eftir og vaxtarstuðullinn. Talan er rúnnað af til að undirstrika að um reiknaða tölu er að ræða.

2) Hér eru tölur um notkun á ScienceDirect landsaðgangs og heilbrigðissamlags lagðar saman fyrir bæði árin til þess að gera þær sambærilegar. Þessi samlög sameinuðust árið 2007. Talan fyrir 2006 er því ekki sambærileg við ársskýrslu fyrir það ár.

Notkun jókst á öllum tímaritasöfnum nema Karger. Notkun á Karger jókst nokkuð árið 2006 frá fyrri árum en dalar nú aftur. Sage Premier kom í landsaðgang í janúar 2007.

<i>Samanlagðar greinar sóttar í fullri lengd</i>	2007	2006	Breyting
Öll gagna- og greinasöfn	908.871	805.743	12,8%

Tilvísanasafn

<i>Tilvísanasafn</i>	Leitir 2007	Leitir 2006	Breyting
Web of Science	149.077	116.251	28,2%

Tilvísanasafnið Web of Science geymir upplýsingar um greinar í vísindatímaritum og útdrætti úr þeim. Þar eru mældar leitir. Þar var aukin þjónusta á árinu, sem líklega leiddi til nokkurrar aukningar eftir hægari vöxt á síðustu árum.

Vefsetrið hvar.is

<i>Vefsetrið hvar.is</i>	2007	2006	Breyting
Vikulegir notendur	99.696	97.919	1,8%
Innlit	159.038	157.118	1,2%
Flettingar	321.590	299.622	7,3%

Umferð á hvar.is er mæld af Modernus, sjá skilgreiningar á <http://modernus.is> og fer eftir samræmdri íslenskri vefmælingu. Árið 2007 óx notkun á hvar.is vefsetrinu eilítið eftir samdrátt um tveggja ára skeið. Hér vísa tölur til vikulegra notenda. Það þýðir að notandi er mældur einu sinni af hverri IP-tölu og aðeins einu sinni fyrir hverja viku. Síðustu ár hafa verið notaðar tölur um *mánaðarlega notendur* og talan hér fyrir 2006 er því ekki sambærileg við ársskýrslu fyrir það ár.

Yfirlit

Aukning er á heildarnotkun landsaðgangs. Nokkur hluti aukningarinnar er vegna þess að Ebsco Host-söfn og Sage Premier bættust við í landsaðgang í janúar 2007. Almennur stígandi í notkun landsaðgangs heldur einnig áfram. Nánari upplýsingar um notkun er að finna á hvar.is, undir krækjunni „[Tölur um notkun](#)” sem er neðst til hægri á síðunni.

Mars 2008,
Sveinn Ólafsson, umsjónarmaður landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.